

AUGLÝSING

um breytingu á samþykktu deiliskipulagi á Völlum, Ölfusi.

Byggingarreitir fyrir hesthús, gistihús og skógrækt.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 26. ágúst 2004 samþykkt minniháttar breytingu á samþykktu deiliskipulagi af skika lands úr jörðinni Vellir, Ölfusi, samkvæmt 26. gr. laga nr. 73/1997, með síðari breytingum. Breytingin var grenndar kynnt. Breytingin nær til 20 sinnum 20 metra stækkunar á byggingarreitnum fyrir gisti-húsið, til austurs.

Breytingin við deiliskipulagið var unnin af Landform, Selfossi, dagsett 20. júlí 2004.

Fyrir liggja byggingarskilmálar.

Við gildistöku þessa skipulags, fellur fyrra skipulagið úr gildi, dagsett 2. maí 2001.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 27. september 2004.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUGERÐ

um umskipun olíu á rúmsjó.

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja að umskipun olíu á rúmsjó fari fram með þeim hætti að umhverfi stafi ekki hætta af.

2. gr.

Reglugerð þessi gildir í landhelgi og í mengunarlögsögu Íslands.

3. gr.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu sem hér greinir:
Landhelgi Íslands: Hafsvæðið innan 12 sjómílna frá grunnlínupunktum, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Mengunarlögsaga: Hafsvæðið frá ytri mörkum landhelginnar og að ytri mörkum efnahagslögsögunnar og landgrunnins.

Olía: Jarðolía í hvaða formi sem er, þar með talin hráolía, eldsneytisólía, sori, smurolía, olíuúrgangur og unnin olía.